Einar Skúlason er 43 ára í dag



Morgunblaðið/Eggert

Vífilsfell í baksýn Einar og synir stefna þangað um næstu helgi.

Fækkar göngunum fyrir maraþonið

Einar Skúlason göngugarpur ætlar að sleppa því að fara í göngu á afmælisdaginn. „Ég hugsa að ég hlaupi í staðinn, er búinn að bóka mig í maraþon í október í Brussel.“ Hann hefur ekki áður tekið þátt í maraþoni, hann er því ekki að fara að bæta nein met en stefnir á að hlaupa undir fjórum tímum.

„Göngurnar eru færri núna út af þessum hlaupum og verða það þar til eftir maraþonið. Hugurinn leitar samt alltaf í þær, ég hefði verið til í að fara í leitir og svo er alltaf gaman að tína ber.“ Einar fór þó í þrjár göngur í síðustu viku og fer líklega í tvær í þessari. Önnur þeirra er hluti af haustáskorun sem hann er með í samvinnu við SÍBS fyrir fólk sem vill komast í æfingu. Áskorunin stendur yfir í sex vikur, ein ganga á viku og verða þær erfiðari eftir því sem á líður. „170 manns mættu í fyrstu gönguna í rigningunni síðasta miðvikudag og spennandi að sjá hve margir mæta næsta miðvikudag.“ Hin gangan verður með sonum Einars. „Þeir bjuggu til lista á nýársdag yfir fjöll sem við ætluðum á á árinu, eigum tvö eftir og tökum annað þeirra um helgina. Fyrir tveim árum höfðu þeir takmarkaðan áhuga á fjallabrölti. Nú eru þeir mjög áhugasamir og ákváðu í rútunni á leið heim eftir göngu yfir Fimmvörðuháls í sumar að fara Laugaveginn næsta sumar.“ Synir Einars eru Emil Skúli 11 ára, Steinn Ingi 13 ára og Gabríel 18 ára. *peturatli@mbl.is*

Íslendingar Kjartan Gunnar Kjartansson, Pétur Atli Lárusson islendingar@mbl.is

Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið **islendingar@mbl.is.** Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dálkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

Ragnar Bjarnason dægurlagasöngvari – 80 ára



Morgunblaðið/Þórður

Ragnar Bjarnason Hann er án efa einn ástsælasti og mikilvirkasti dægurlagasöngvari þjóðarinnar, fyrr og síðar.

Heyr mitt ljúfasta lag

Ragnar fæddist í húsi séra Bjarna Jónssonar vígslubiskups í Lækjargötu 12A í Reykjavík þann 22.9. 1934. Hann var í Miðbæjarskólanum, Austurbæjarskóla og Ingimarsskóla og stundaði nám í píanóleik í tvo vetur.

Samofinn dægurlagasögunni

Ragnar var trommari í RSD-Tríóinu 1947 og með hljómsveit föður síns um 1950, með Hljómsveit Stefáns Þorleifssonar 1952, með harmonikuleikaranum Rúti Hannessyni, og með Hljómsveit Árna Ísleifssonar á Röðli 1954.

Ragnar söng fyrst opinberlega með Sigurði Ólafssyni og hljómsveit föður síns í Útvarpssal 1950, með tríói á Hótel KEA 1952-53, Hljómsveit Guðmundar R. Einarssonar 1953, gömludansahljómsveit Josefs Felzman í Tjarnarcafé 1954, dixieland-hljómsveitinni „Allir edrú“ Hljómsveit Svavars Gests 1955 og 1956, var fastur söngvari KK-sextettsins 1956-59, með Hljómsveit Björns R. Einarssonar á Hótel Borg, var fastur söngvari með Hljómsveit Svavars Gests 1960-63 og starfaði á Norðurlöndunum með Kristni Vilhelmssyni og sænskum hljóðfæraleikurum:

„Svavar hafði þá samband og vildi endilega að við Ellý Vilhjálms syngjum með hljómsveit hans síðasta árið sem hún starfaði. Ég stofnaði síðan eigin hljómsveit og lék í Súlnasalnum næstu 19 vetur.“

Óborganleg Sumargleði

Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar skemmti á héraðsmótum Sjálfstæðisflokksins á landsbyggðinni, 1966-71. Hann fékk Ómar Ragnarsson og fleiri í lið með sér, en þeir Ómar stofnuðu síðan Sumargleðina sem fór á hverju sumri um landið við feikilegar vinsældir 1972-86. Frá 1980 var Sumargleðin einnig haldin í Reykjavík á haustin og stundum fram í desember, fyrst á Sögu og síðan á Broadway. Helstu kappar hennar voru Ragnar og hljómsveit, Ómar Ragnarsson, Bessi Bjarnason, Karl Guðmundsson eftirherma, Magnús Ólafsson, söngkonurnar Þuríður Sigurðardóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir, Halli og Laddi, Hermann Gunnarsson og Þorgeir Ástvaldssson.

Ragnar ók leigubíl um langt árabil, starfrækti bílaleigu 1995-2004, var bílasali hjá Sveini Egilssyni og Fiatumboðinu, rak um tíma söluturn í Breiðholtinu, var dagskrárgerðarmaður á Effemm 95,7, og síðar á Aðalstöðinni, var með Þórskabarett í Þórskaffi, söng með Smellum í Danshúsinu Glæsibæ og söng við eigin píanóleik.

Sumargleðin kom aftur saman 1994 og hélt fjölda skemmtana á Hótel Íslandi. Þá kom Ragnar oft fram með Milljónamæringunum og tók upp lög með þeim: „Svo höfum við Þorgeir Ástvaldsson skemmt saman við ýmis tækifæri í tíu ár – og erum enn að – aldrei betri.“

Hlutavelta



Bergþóra Ólafsdóttir, Kristbjörg Katla Ólafsdóttir og Jón Arnar Birgisson söfnuðu 5.691 kr. handa Rauða krossinum með því að selja dót og servéttur.

Nýir borgarar




Vestmannaeyjar Sara Rós Sindradóttir fæddist 26. október 2013. Hún vó 3.455 g og var 50 cm löng. Foreldrar hennar eru **Hildur Sólveig Sigurðardóttir** og **Sindri Ólafsson**.



Varmahlíð Snæbjört Ýr Smáradóttir fæddist 23. október 2013 kl. 12.51. Hún vó 3.882 g og var 50,5 cm löng. Foreldrar hennar eru **Guðrún Ólafsdóttir** og **Sigþór Smári Sigurðsson**.

Úr frændgarði Ragnars Bjarnasonar



Plötur og viðurkenningar

Ragnar söng inn á sína fyrstu plötu 1954 og söng síðan inn á níu 78snúninga plötur á vegum Sigríðar Helgadóttur, Tónika-útgáfunnar og Fálkans. Hann söng inn á fjölda lítilla platna á sjötta og sjöunda áratugnum, en gerði sína fyrstu langspilsplötu 1971 þar sem hann söng eigið lag við ljóð Steins Steinars, Barn. Hann hefur samið nokkur lög í gegnum tíðina en lítið haldið þeim á lofti. Hann stofnaði RB Hljómplötur 1999 og hefur gefið út þó nokkrar plötur síðan, s.s. Ragnar Bjarnason – Hin hliðin, 2001; Vertu ekki að horfa, 2004, afmælisútgáfu



Alltaf flottur Raggi Bjarna ungur.

sem seldist í ríflega tíu þúsund eintökum; Með hangandi hendi, 2005; Vel sjóaður, 2006, Gleðileg jól með Ragga Bjarna, 2007, ný jólalög eftir Ragnar, Þorgeir Ástvaldsson og Gunnar Þórðarson, og Lögin sem ekki mega gleymast, 2008.

Í tilefni afmælisins hefur Sena gefið út þriggja diska albúm, Raggi Bjarna 80 ára. Þar er að finna 20 af vinsælum lögum Ragnars, 20 dúetta og 20 lög sem hafa ekki komið út áður á geisladiskum.

Ragnar fékk sérstaka viðurkenningu Stjörnumessu DV og Viknunnar 1980 sem söngvari ársins í 30 ár; hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 1994; var sæmdur gullmerki FÍH 2004; var sæmdur fálkaorðunni 1.1. 2005, útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 og hlaut sérstaka viðurkenningu frá Breiðholtssamtökunum sem skemmtikraftur um árabil, 2007.

Fjölskylda

Eiginkona Ragnars er Helle Birthe Bjarnason, f. 29.3. 1946, húsfreyja.

Börn Ragnars eru Bjarni Ómar Ragnarsson, f. 29.1. 1954; Kristjana Ragnarsdóttir, f. 10.2. 1955; Henry Lárus Ragnarsson, f. 30.12. 1968.

Systkini Ragnars: Ómar Örn Bjarnason, f. 16.12. 1932, d. 18.8. 1946; Dúna Bjarnadóttir, f. 11.6. 1936, húsfreyja í Reykjavík.

Foreldar Ragnars voru Bjarni Einar Böðvarsson, f. 21.11. 1900, d. 21.11. 1955, hljómsveitarstjóri í Reykjavík og stofnandi og fyrsti formaður FÍH, og k.h., Lára Ingibjörg Magnúsdóttir, f. 4.10. 1903, d. 25.12. 1989, húsfreyja, ein fyrsta dægurlagasöngkona hér á landi og söng í kórum í 40 ár.

Til hamingju með daginn



Kristín Guðmundsdóttir

30 ára Kristín ólst upp á Skyggni í Hrunamannahreppi, býr í Reykjavík, lauk prófum frá Iðnskólanum og er að ljúka BA-prófi í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands.

Dóttir: Bogey Sigríður Sævarsdóttir, f. 2008.

Foreldrar: Guðmundur Stefánsson, f. 1954, bóndi á Skyggni, og Ingveldur Dagmar Halldórsdóttir, f. 1957, bóndi og starfar við leikskólann á Flúðum.



Haukur Smári Sigurþórsson

30 ára Haukur ólst upp í Reykjavík, er nú búsettur á Seltjarnarnesi, lauk sveinsprófi í píplulögnum frá Tækniskólanum, starfar við píplagnir og hefur starfrækt Píplagnaþjónustu Reykjavíkur frá 2008.

Foreldrar: Sigurþór Jónsson, f. 1959, öryggisfulltrúi á Sauðárkróki, og Unnur Berglind Hauksdóttir, f. 1965, grunnskólakennari í Reykjavík.



Egill Daði Axelsson

30 ára Egill býr í Reykjavík, stundar nám í lögfræði við HÍ og starfar hjá Verði tryggingum.

Maki: Inga Bryndís Árnadóttir, f. 1986, þroskaþjálfi.

Börn: Emma Karín, f. 2007, og Fróði og Máni, f. 2013.

Foreldrar: Gróa Margrét Finnsdóttir, f. 1966, og Jóhann Axel Geirsson, f. 1962. Stjúpfaðir: Sveinn Ólafsson, f. 1965.

90 ára
Ingunn K. Kristensen

85 ára
Sigurður Guðmundsson
Steinbjörn Björnsson

80 ára
Albert Stefánsson
Auður Rögnvaldsdóttir
Hörður Vignir Sigurðsson
Kristján S. Guðmundsson
Þórunn Ragnarsdóttir

75 ára
Birgir Hermannsson
Ingigerður Jónsdóttir
Jóna Lárusdóttir
Kjartan Trausti Sigurðsson
Kristjana Friðbertsdóttir
Sigrún Jónsdóttir

70 ára
Auður H. Jónsdóttir
Helga Johnson
Jón H. Jónsson
Ólöf Björg Einarsdóttir
Sigrún Guðbergsdóttir
Svala Björt Brjánsdóttir

60 ára
Hallgrímur Ævar Hallgrímsson
Heiðrún Helga Jónsdóttir
Hörður Ernst Sverrisson
Jóhanna Sóley Jóhannesdóttir
Judith Furtado Silva
Loftur Smári Sigvaldason
Margrét Þóra Gunnarsdóttir
Sigrún Sverrisdóttir
Stephen Paul Winslade
Tryggvi Stefánsson

50 ára
Afonso José Forte Baixinho
Arna Kristjana Heiðarsdóttir
Axel Ísaksson
Bryndís Harðardóttir
Guðný Gunnur Eggertsdóttir
Helena Sigfúsdóttir
Helga Jónsdóttir
Jóhann Þór Björgvinsson
Kristinn Sigurðsson
Oddur Skúlason
Sæunn Sævarsdóttir
Viðar Arnar Baldursson
Þorlákur Ingjaldsson

40 ára
Annika Linddal Nilsdóttir
Guðný Hrönn Sigmundsdóttir
Hjördís Guðrún Friðriksdóttir
Karl Sæmundur Sigurðsson
Miroslav Naydenov Kamenov
Saengrawee Sohsud
Sigurjón Vídalín Guðmundsson
Soffía Jóhannesdóttir
Steinunn Hulda Hjálmarsdóttir

30 ára
Egill Daði Axelsson
Erwin Kapelewski
Ewelina Witkowska
Grazyna M. Krasuska
Haukur Smári Sigurþórsson
Hólmfríður Sjöfn Jónsdóttir
Ingibjörg Dröfn Halldórsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Leifur Leifsson
Przemyslaw Tomasz Kudla
Ragnar Örn Davíðsson
Þórir Örn Sigvaldason

Merkir Íslendingar

Sigurjón Friðjónsson



Sigurjón Friðjónsson fæddist á Sílalæk í Aðaldal 22.9. 1867. Foreldrar hans voru Friðjón Jónsson, bóndi á Sílalæk og síðar á Sandi, af Hólmavaðsætt, og k.h., Sigurbjörg Guðmundsdóttir húsfreyja, af Sílalækjarætt.

Friðjón var bróðir Friðlaugs, bónda á Hafralæk, föður Kristínar Sigurlaugar, móður Indriða Indriðasonar, ættfræðings og rithöfundar, en Sigurbjörg var systir Þorkels, bónda á Syðra-Fjalli, afa Þorkels Jóhannessonar háskólarektors, og Indriða ættfræðings í föðurætt.

Bróðir Sigurjóns var Guðmundur á Sandi skáld, faðir Heiðreks, skálds og verslunarmanns á Akureyri, Bjartmars, skálds, alþm. og hreppstjóra á Sandi, og Þórodds, rithöfundar og skólastjóra. Hálfbróðir Sigurjóns var Erlingur Friðjónssonar alþm.

Eiginkona Sigurjóns var Kristín Jónsdóttir og voru börn þeirra Arnór, rithöfundur og skólastjóri; Unnur, móðir Inga Tryggvasonar, fyrrv. alþm; Áskell , bóndi á Laugafelli, Dagur, skólastjóri á Laugum, Fríður, ljósmóðir í Reykjavík; Sigurbjörg, bústýra á Litlu-Laugum; Halldóra, skólastjóri Húsmæðraskólans á Laugum; Ingunn; Ásrún, hjúkrunarkona í Reykjavík, og Bragi, alþm., ráðherra og rithöfundur á Akureyri.

Sigurjón lauk búfræðiprófi frá Eiðum 1887, vann á búi föður síns 1887-92, var bóndi á Sandi í Aðaldal 1892-1906, á Einarsstöðum í Reykjadal 1906-13 og á Litlu-Laugum 1913-42 og var þar búsettur til æviloka. Sigurjón var alþm. fyrir Heimastjórnarflokkinn 1918-22 og lengi oddviti Reykdælahrepps.

Sigurjón var mikill áhugamaður um almenna menntun. Hann ánafnaði Framhaldsskólanum á Laugum land undir skólann á sínum tíma og fylgdu þá þeirri gjöf m.a. heitavatnsréttindi.

Sigurjón var nokkuð afkastamikið ljóðskáld, en samdi auk þess smásögur og stundaði ljóðaþýðingar.

Sigurjón lést 26.5. 1950.

